

Nefndarsvið Alþingis
Bt. velferðarnefndar
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík



Reykjavík, 8. apríl 2024

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Mál nr. 864 á 154. löggjafarþingi

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar ofangreint mál um endurskoðun á örorkulífeyriskerfinu. Ráðið skilaði umsögn við drög að frumvarpi í samráðsgátt stjórnvalda þar sem ráðið fagnaði áherslum í frumvarpinu en gagnrýndi ófullnægjandi mat á hagrænum áhrifum, ekki síst í ljósi þess að útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 123 milljörðum árið 2022 og eru því einn stærsti útgjaldaliður hins opinbera. Úr því hefur verið bætt og í greinargerð er nú að finna ítarlegri greiningu og umfjöllun um efnahagsleg áhrif frumvarpsins.

Jákvæðar breytingar

Viðskiptaráð fagnar þeim áherslum sem snúa að því að gera örorkulífeyriskerfið einfaldara, gagnsærra og réttlátara, en ljóst er að fjármunir nýtast með sem hagkvæmustum hætti í einföldu og skilvirku kerfi. Sameining greiðsluflokka almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar í einn örorkulífeyrisflokk, sem ætlað er að þjóna þeim einstaklingum sem metnir hafa verið með mjög takmarkaða getu til atvinnuþátttöku, er jákvætt skref. Jafnframt eru breytingar sem lögfesta skyldu þjónustukerfa til að eiga samstarf og samvinnu sín á milli, með það fyrir augum að stuðla að heildstæðri nálgun og samfellu við veitingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga ánægjuþefni. Skref sem þessi eru til þess fallin að bæta þjónustu við þá sem þurfa nýta sér kerfið, en jafnframt tryggja skilvirka ráðstöfun fjármuna.


Ljóst er að afar mikilvægt er að fjármunir sem renna til kerfisins séu nýttir á eins skilvirkan hátt og unnt er, en útgjöld til málaflokksins hafa vaxið hratt samanborið við Norðurlöndin. Líkt og sjá má á mynd 1, þá hefur öryrkjum fjölgað næstmest og útgjöld til málaflokksins vaxið hraðast hér á landi.

Mynd 1

Útgjöld vegna örorku vaxa hraðast á Íslandi, samanborið við Norðurlöndin.

Hlutfall öryrkja (árið 2020)

Meðalútgjaldavöxtur vegna örorku og veikinda (árlega 2000 til 2019)



Heimild: OECD, Viðskiptaráð Íslands.

Mikilvægt er að stuðla að því að þekking og hæfileikar allra í samfélaginu nýtist. Viðskiptaráð fagnar því markmiðum frumvarpsins sem miða að því að auðvelda þátttöku og endurkomu einstaklinga á vinnumarkað eftir sjúkdóma, slys og áföll. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá stefnumið sem stuðla að því að einstaklingar hafi fjárhagslegan hvata til að snúa aftur til vinnu. Fjölbreyttur vinnumarkaður sem kallar eftir mismunandi hæfileikum og færni hverju sinni, er líklegri til að stuðla að vilja og getu einstaklinga sem hafa hlotið örorkubætur til að hverfa aftur til virkni á vinnumarkaði, hafi viðkomandi getu til. Í samhengi við þetta er vert að minnast á könnun sem vitnað er til í skýrslu Samráðsvettvangs um aukna hagsæld frá árinu 2013, þar sem fram kemur að vinnuvilji var meðal stórs hluta öryrkja, en aðeins 5% þeirra sem vildu vinna fundu sér starf við sitt hæfi.


Viðskiptaráð telur því mjög jákvætt að í frumvarpinu sé lögð aukin áhersla á stuðning við einstaklinga í atvinnuleit. Þar leikur virknistyrkur og sérstakt fritekjumark þeirra sem eru á hlutaörorkulífeyri lykilhlutverk. Binda má vonir við að virknistyrkur, líkt og hann er útfærður í frumvarpinu, muni auka atvinnuþátttöku þeirra sem hafa getu til að vera virkir á vinnumarkaði. Það er hagur bæði einstaklings sem þiggur hlutaörorkulífeyri og hins opinbera að viðkomandi hafi tók á að sækja vinnu. Einstaklingnum er þannig gert kleift að auka ráðstöfunartekjur sínar og skapa verðmæti, án þess að bætur hans skerðist. Fjárhagslegir hvatar eru því stilltir til þess að auka atvinnuþátttöku einstaklinga sem þiggja hlutaörorkulífeyri, í stað þess að letja þá til þátttöku, líkt og bótaskerðingar á móti atvinnutekjum munu óhjákvæmilega gera. Breytingar á fritekjumark og virknistyrkur hafa jákvæð áhrif á atvinnuþátttöku hlutaörorkulífeyrispega og auka verðmætasköpun í samfélaginu í heild.

Breyting þar sem horfið er frá örorkumati og innleitt samþætt sérfræðimat, þar sem litið er heildrænt til getu einstaklinga til virkni á vinnumarkaði er framfaraskref. Um langa hrið hefur verið bent á að þörf sé á að breyta örorkumatinu og snúa í auknum mæli til þess að meta starfsgetu fólks, en þar má t.d. nefna skýrslu um fjölgun öryrkja á Íslandi sem unnin var fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið árið 2005, tillögur Samráðsvettvangs um aukna hagsæld og nefnd sem falið var að endurskoða almannatryggingakerfið árið 2016. Viðskiptaráð hefur tekið undir þessar tillögur, núna síðast í nýútkominn skýrslu um hið opinbera¹. Sömuleiðis er vert að athuga hvort innleiða mætti virkt endurmat á örorku hér á landi. Það væri gert í samhengi við það sem nefnt var hér að ofan um fjölbreytni vinnumarkaðarins og þá staðreynd að hraðar breytingar eiga sér stað á þeim markaði, svo sem með tilkomu gervigreindar og miklum tæknibreytingum. Þá væru einstaklingar, með skerta getu til virkni, endurmetnir með ákveðnu millibili, þar sem hæfileikar og færni þeirra væri metin í samhengi við breytingar á vinnumarkaði.

Mynd 2

Öryrkjum fjölga hraðar á Íslandi en á Norðurlöndunum

Þróun á fjölda örorkuþega (2009=100)



Heimildir: Nordic Health and Welfare Statistics, Viðskiptaráð Íslands.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

María Guðjónsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Ragnar Sigurður Kristjánsson
Hagfræðingur hjá Viðskiptaráði Íslands

¹ Sjá [skýrslu Viðskiptaráðs um hið opinbera](#).